

Ed.

135. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 8, 6. apr. 1898, um bann gegn botnvörpuveidum.

Frumvarp þetta fer fram á, að hækka sektirnar fyrir brot gegn botnvörpulögnum og er framkomið að ósk Fiskifjelagsins og fiskimanna, sem eiga harða baráttu, til þess að geta notið að gagni fiskimiða sinna fyrir útlendum og innlendum yfirgangi af botnvörpuskipum, svo að í sumum veiðistöðum vofir yfir að gjöreyðist aflabrögð landsmanna fyrir þá sök.

Vjer höfum leitað álits stjórnarinnar um málið, og telur hún að vísu viðsjárvert, að hækka sektirnar vegna óánægju útlendra ríkja. Kvartanir yfir strangleika botnvörpulaganna geta þó varla verið sprotnar af upphæð sektanna, sem fiskimönnum hafa jafnan þótt vera of lágar, og lögbrotsmönnum sjálfum ekki þótt mest um þær vert, heldur hitt, er afli þeirra og veiðarfæri er gjört upptækt. Höfum vjer því komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett að hafa að engu þær óskir landsmanna, sem koma fram í frumvarpi þessu, og ráða háttvirtri deild til að samþykkja þau ákvæði frumvarpsins, að hækka lágmark sektanna og sjerstaklega fyrir brot gegn lögum nr. 18, 8. júlí 1902, er komu í stað 3. greinar í lögnum frá 1898, þar sem engin hegning er við brotinu, önnur en sektin.

Án þess að gjöra of mikið úr áhrifum, er slík hækkun sektanna mundi hafa, teljum vjer hana þó verulegt spor í áttina, þar sem hún annars vegar miðar til að auka fjárhæð þá, er vinst á sektunum, sem nú er ákveðið að verja öllum til hagsmuna fyrir fiskiveiðar og landhelgisvarnir, og hins vegar sýnir bæði lögbrotsmönnum og landsmönnum, að löggjafarvaldinu er það alvöru- og áhugamál, að vernda atvinnugrein þá, er hjer á hlut að máli, og er ein hin mikilsverðasta af atvinnugreinum landsmanna, bátfiskið, gegn skaðsemd þeirri, sem henni er langmest hætta búin af.

En um leið og vjer athuguðum lagaákvæðin um bann gegn botnvörpuveiðum, sem nú er í fernum lögum og þetta yrðu hin fimtu, leist oss að hagkvæmast mundi vera, að draga þessi ákvæði saman í eitt, og með því að það er ekki mikið verk, höfum vjer tekið oss fyrir hendur að gjöra það og leyfum oss að leggja til, að háttv. deild gjöri þá breyting á, að samþykkja í stað frumvarpsgreinarinnar 9 lagagreinar, sem meðal annars innihalda ákvæði frumvarpsins þannig breytt, sem að framan er greint, og öll önnur ákvæði botnvörpulanganna með þeim viðaukum og úrfellingum, sem oss þykir nauðsynlegt að ráða til og hjer skal stuttlega bent á.

Í 1. gr. þykir oss nauðsynlegt, að skilgreina brotið, með því að lögbrotsmenn hafa reynt að firra sig hegningu með því, að þykjast ekki hafa verið að veiðum, ef þeir eru ekki staðnir að vörpuðrætti, þótt varpa þeirra sje í sjó og komast þannig undan ákvæðum 2 gr., sem brot þeirra heyrir undir, og undir hegningarákvæði 3. greinar, þar sem ekki er lögð við uppteikt æfla og veiðarfæra.

Í 3. gr. viljum vjer hafa ákvæði um að tillit sje tekið til þess, hvar skip hittist innan landhelgi með veiðarfæri sín ekki í búlka, með því að mikill munur er á, hvort það er á fiskimiði, og þá einatt mjótt á milli, hvort brotið heyrir undir 2. eða 3. gr., eða annarsstaðar, þar sem aðeins ætti að grípa til lægstu sektar, en lágmark sektarinnar eftir þessari grein viljum vjer hækka að mun fyrir þá sök, að þar liggur engin önnur hegning við, og hitt annað, sem áður er sagt, að þar heggur oft nærri, að brotið heyrir undir hina strangari hegningu 2. greinar.

Þá viljum vjer, að úr gildi sjeu numin lög nr. 56, 30. júlí 1909 og undanþága sú, sem þau veita íslenskum botnvörpungum. Liggur þar til sú ástæða, að undanþága þessi hefur valdið afarmikilli óánægju hjá hvorum tveggja málsaðila, sem hjer eiga hlut að máli, útlendum botnvörpungum, sem þykir sjer vera misrjetti sýnt með þessu, og innlendum fiskimönnum, sem telja sig hafa fulla reynslu fyrir því — þótt leitt sje frásagnar — að landar þeirra sjeu engu hlífari við fiskimið þeirra en útlendingar og þá þeim muninum skaðlegri, sem þeir eru kunnugri miðum og fiskistöðvum. Hins vegar telja vel kunnugir menn víst, að undanþága þessi sje til engra gagnsmuna eða eflingar fyrir rekstur innlendra botnvörpuveiða, fyrirhöfnin svo lítil og fljótunnið að koma veiðarfærunum í búlka, og miði þetta því til einskis annars en að gjöra þeim hægra fyrir, ef bráðan bær að, að komast hjá að verða uppvísir að broti eða tilgangi til að brjóta. Og sú tortrygni ein, bæði hjá útlendingum og landsmönnum, ætti að nægja til þess, að undanþága þessi eigi sjer alls ekki stað.

Aðrar athugasemdir en þessar geymum vjer framsögu málsins.

Samkvæmt framanrituðu er það breytingartillaga vor, að í stað frumvarpsgreinarinnar sje samþykkt grein fyrir grein 9 lagagreinar með fyrirsögn laganna frá 6 apr. 1888, þannig hljóðandi:

FRUMVARP

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu vera bannaðar fiskiveiðar með botnvörpum, og telst það brot gegn ákvæði þessu, er varpa er í sjó komin.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 2000—4000 kr., er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstengir, svo og afi innanborðs, upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr.

Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 500—2000 kr. sekt til landssjóðs, nema öll veiðarfæri sje höfð í búlka innanborðs þann tíma allan, er skipið er í landhelgi. Taka skal þó, þegar sekt er metin, sjerstakt tillit, sektinni til hækkunar, til þess, hvort skip hittist þannig á fiskimiði eða annarsstaðar.

Leggja má löghald á skip, afa og veiðarfæri, og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði, eftir þessari grein.

4. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til þess að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta 50—1000 kr. sektum, er renna í landssjóð.

5. gr.

Hjerlendur maður, er leggur það í vana sinn, að dvelja á útlendum botnvörpuskipum við veiðar þeirra við Ísland, skal, ef eitthvert þessara skipa á því ári gjörir sig sekt í fiskiveiðum í landhelgi, sæta sektum eftir 4. gr. Sömu hegningu skal hver sá hjerlendur maður sæta, sem er í útlendu botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gjört þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt er eða að minsta kosti sennilegt, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

6. gr.

Ákvæði 4. og 5. greinar gilda eigi um þá menn, sem er lögskráðir skipverjar a botnvörpuskipinu.

7. gr.

Skipstjóra þann, sem gjörir sig sekan í ítrekuðu broti, eða broti er mjög mikið kveður að, gegn 1. gr. þessara laga, má auk hegningar þeirrar, sem getur um í 2. grein, dæma í fangelsi (sbr. alm. hegningarlög handa Íslandi 26. gr.)

8. gr.

Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með, sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8, 6. apr. 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. 1902 og lög nr. 56, 30. júlí 1909.

Alþingi 17. júlí 1914.

Jósef J. Björnsson,
form.

Kristinn Daníelsson,
skrifari.

Karl Einarsson,
framsögum.